

Útdráttur

Þessi ritgerð er unnin sem lokaverkefni til B.Ed.-prófs við kennaradeild Háskólans á Akureyri. Tilgangurinn var að leita fræðilegrar vitneskju um lesblindu ásamt því að kynna sérstaklega kenningu og aðferð Ronald D. Davis. Sagt verður frá athugun sem höfundar gerðu á áhrifum Davis-aðferðarinnar í kennslustofunni.

Lesblinda hefur verið mikið í umræðunni undanfarin ár og vakið bæði almenning og kennara til umhugsunar um þau áhrif sem hún kann að hafa á einstaklinga. Margar hugmyndir um orsakir lesblindu hafa litið dagsins ljós en það hefur reynst vísindamönnum erfitt að koma sér saman um skilgreiningu á henni og hefur það enn ekki tekist. Sumir telja orsökina vera skemmd eða afbrigðilega starfsemi í heila á meðan aðrir, þ.m.t. Davis, halda því fram að lesblindir hugsi öðruvísi, eða í myndum. Hann kysir að líta á slíka hugsun sem hæfileika sem um leið veldur lesblindum erfiðleikum við að tileinka sér lestur og skrift. Hugmyndafræði Davis er frábrugðin því sem áður hefur verið sett fram og vakti það áhuga höfunda. Af þeirri ástæðu þótti áhugavert að líta nánar á hana og verða henni gerð ítarleg skil í verkefninu. Einnig verður fjallað um kenningar nokkurra annarra fræðimanna.

Greint verður frá niðurstöðum athugunarinnar sem gerð var meðal kennara sem hafa fengið þjálfun í Davis-aðferðinni og beitt henni í kennslustofunni. Í ljós kom að kennarar eru jákvæðir í garð aðferðarinnar, þeir telja hana hafa jákvæð áhrif á einbeitingu nemenda, aga í kennslustofunni og námsárangur. Þar sem úrtakið var lítið og aðferðin er svo ný af nálinni héraendis ber þó að taka niðurstöður athugunarinnar með ákveðnum fyrirvara og líta frekar á þær sem vísbendingar sem gefa tilefni til frekari rannsókna.

Abstract

This piece of writing is composed as final dissertation for the degree of B.Ed. from the Faculty of Education at the University of Akureyri. The aim of the work is to seek theoretical knowledge on dyslexia as well as focusing particularly on the theories and methods of Ronald D. Davis. The work also includes details of a research project carried out by the authors with regard to the effect of Davis's method when applied in the classroom.

Dyslexia has been a prominent topic of discussion in recent years, having stimulated debate among the public as well as among teachers with regard to the impact it may have on individuals. Many theories as to the causes of dyslexia have seen the light of day; scientists, however, have found it hard to agree on its definition, a problem which still remains to be solved. Some think dyslexia is caused by damage to the brain or its abnormal operation, while others, including Davis, maintain that dyslexics think differently, i.e. in pictorial images. He prefers to regard such thought as a special ability which, at the same time, causes problems to the dyslexic with regard to reading and writing. Davis's methodology differs from previous explanations and this attracted the authors' attention. For this reason, it was regarded as a matter of special interest to study the methodology in more detail and the dissertation contains the results of this study. The theories of a few other scientists are also outlined.

The outcome of the authors' own research project is also presented. The project was conducted among teachers who have been trained in Davis's method and have used it in the classroom. It was discovered that the teachers have a positive attitude towards the method, believing it to have a beneficial effect on the students' concentration, classroom discipline and success in studies. As the sample was but a small one, however, and the method is quite new in Iceland, the conclusions of the project should be taken with a grain of salt and preferably regarded as indications that may give occasion to further research.